

Föstudaginn 2. nóvember 1956.

Nr. 111/1956. **Ákærvaldið** (Baldvin Jónsson)

gegn

James Daniel Ellis (Magnús Thorlacius).

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson, Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, James Daniel Ellis, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmannna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 18. apríl 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 18. apríl, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var af Guðjóni Valgeirssyni, fulltrúa lög-reglustjóra, kveðinn upp svofelldur dómur í sakadómsmálinu nr. 1130/1955: Ákærvaldið gegn James Daniel Ellis, sem dómtekið var 12. þ. m.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, James Daniel Ellis varnarliðsmanni, Keflavíkurflugvelli, Snorrabraut 81, Reykjavík, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu í varnarmáladeild Utanríkisráðuneytisins 10. marz s.l., fyrir að hafa gerzt sekur um bifreiðalagabrot samkvæmt 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að aka bifreiðinni J 02050 sunnudaginn 13. nóvember 1955, um kl. 0430, eftir vegum á Keflavíkurflugvelli, haldinn slíkri þreytu og sljóleika vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni.

Ákærist því nefndur James Daniel Ellis til þess að sæta refsingu samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna til ökuleyfissviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 20. febrúar 1923 í Chicago í Bandaríkjum Norður-Ameríku og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum áður hér á landi:

Í Reykjavík:

1949 13/3 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1954 31/7 Kærður fyrir ölvun á dansleik. Fellt niður.

1955 12/12 Dómur, 1500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í sex mánuði fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Í Hafnarfirði:

1951 6/2 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á tollögum.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 13. nóvember 1955, kl. 04.30, kom í aðalhlíð Keflavíkurflugvallar á leið út af flugvallar-svæðinu bifreiðin J 02050. Þar sem lögreglumaður sá, Skúli Thorarensen, sem framkvæmdi tollleit í bifreiðinni, fann áfengisþef leggja út úr henni, þá bað hann stjórnandann, James Daniel Ellis, ákærða í máli þessu, að koma með sér inn í varðskýlið til frekari athugunar. Eftir þá athugun var ákærði fluttur á sjúkrahús hersins, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og sýna niðurstöður þeirrar rannsóknar, að í blóði ákærða fundust 1.58% af alkóhóli.

Ákærði hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi umrætt kvöld farið í Officers Club hér á flugvellingnum og drukkið þar einn áfengan bjór með kvöldverði, en síðan farið í samkvæmi og neytt þar þriggja „cocktails“ á tímabilinu frá kl. 22.00 til 24.00, en hætt þá að neyta áfengis, þar eð hann sá fram á, að hann mundi þurfa að aka bifreið sinni til Reykjavíkur þá um nóttina.

Vitnið Baldur Guðjónsson lögregluþjónn, sem var á verði í flugvallarhlíðinu, er ákærði kom þangað akandi í bifreið sinni,

segir, að það hafi þá verið vínlykt af ákærða og að hann hafi verið voteygður og linnmæltur.

Vitnið Skúli Thorarensen lögregluþjónn tollskoðaði bifreið ákærða umrætt skipti. Kveðst vitnið hafa fundið áfengisþef leggja á móti sér þá og því beðið ákærða að koma með sér inn í varðskýlið til frekari athugunar. Þá segir vitnið, að ákærði hafi verið rauð- og voteygður. Vitnið telur, að eigi hafi verið fleiri ölvunar-einkenni á ákærða, sem var kurteis og samþykkti strax, að sér yrði tekið blóð til alkóhólrannsóknar.

Bæði vitnin hafa verið eiðfest.

Með tilliti til atvika málsins þykir sannað, að ákærði hafi verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni umrætt skipti. Hefur ákærði þar með gerzt brotlegur við það ákvæði laga, sem í ákæruskjali greinir.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna og með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða ökuleyfi í sex mánuði til viðbótar ökuleyfissviptingu þeirri, er hann hlaut samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 12. desember s.l., sem birtur var hinn 16. sama mánaðar, en þó komi til frádráttar 8 dagar, þar eð ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 8. desember 1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens, kr. 400.00. Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Ákærði, James Daniel Ellis, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í sex mánuði frá 8. júní 1956 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens cand. jur., kr. 400.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.